

# Ný matvælalöggjöf

## og áhrif á bændur

Ný matvælalöggjöf um hollustuhætti og eftirlit á Evrópska efnahagssvæðinu tók gildi á Íslandi 1. mars 2010 fyrir fóður- og matvælafyrirtæki nema fyrirtæki sem vinna afurðir úr búfjárafurðum. Sá hluti löggjafarinnar sem snýr að búfjárafurðum kemur til framkvæmda 1. nóvember n.k. Á sama tíma verður umdæmisskrifstofum Matvælastofnunar fækkað úr 14 í 6. Breytingar verða gerðar á opinberu

eftirliti héraðsdýralækna og dýralæknabjónustu til að koma í veg fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra. Það verður gert með því að aðskilja opinbert eftirlit héraðsdýralækna frá almennri dýralæknabjónustu.

*Í nýrri löggjöf er öryggi matvæla á ábyrgð framleiðenda og ber þeim að sýna fram á að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar m.t.t. matvælaöryggis*

Þessar lagabreytingar munu hafa áhrif á þá sem rækta fóður og framleiða og/eða dreifa dýraafurðum. Lögin ná til bænda sem ala dýr og þeirra

sem rækta, nota eða dreifa grænmeti til manneðis eða korni og grasi til fóðurgerðar.

Markmið löggjafarinnar eru meðal annars að tryggja rekjanleika matvæla og fóðurs og að afurðir á markaði uppfylli gæða- og heilnæmiskröfur. Henni er ætlað að ná yfir alla matvælaframleiðslu frá haga til maga með nauðsynlegum skráningum og varúðarráðstöfunum á öllum stigum framleiðslunnar.

*Undir nýrri löggjöf eru bændur skilgreindir sem „matvælafyrirtæki“ og sem „fóðurfyrirtæki“.*

### Hvað þýðir þetta fyrir bændur?

Til þess að ná yfir alla fæðukeðjuna frá haga til maga gerir löggjöfin einnig kröfur til frumframleiðenda. Bændur og ræktendur sem frumframleiðendur þurfa að virða góða hollustuhætti og annast sinn rekstur eins og löggjöfin gerir ráð fyrir. Þetta þýðir að bændur þurfa að uppfylla hreinlætiskröfur og hafa stjórn á hættum. Margar af þessum reglum er þegar að finna í gildandi aðbúnaðarreglugerðum en hafa nú verið sameinaðar í eina matvælalöggjöf sem nær yfir allar búfjártegundir.

### Leiðbeiningar faggreina

Í matvælalöggjöfinni eru hagsmunasamtök hvött til þess að útbúa leiðbeiningar um góða starfshætti sem auðveldar viðkomandi faggreinum að uppfylla ákvæði löggjafarinnar.

### Beint frá býli

*Nýja matvælalöggjöfin heimilar sveigjanleika varðandi mótun landsreglna um staðbundna heimaframleiðslu matvæla og staðbundna dreifingu matvæla.*

*Ný matvælalöggjöf gerir kröfu um skráningar sem nauðsynlegar eru til að tryggja matvælaöryggi.*



# Búfjárþænder

## Skráningar

### Kröfur

Skv. nýrri löggjöf skulu bænder sem ala dýr m.a.:

- tryggja heilbrigði og velferð dýra
- tryggja hreinleika og þrifnað í framleiðslu
- hindra mengun af völdum húsdýra og meindýra
- koma í veg fyrir að jarðvegur, dýralyf, úrgangur, skordýraeitur, fóður eða óhreint vatn mengi matvæli
- halda dýrum hreinum sem ætluð eru til slátrunar
- einstaklingsmerkja búfé
- taka tillit til rannsóknaniðurstaðna sem varða dýraheilbrigði og/eða lýðheilsu
- nota lyf, aukefni í fóðri, varnarefni, hreinsiefni og önnur hjálparefni á ábyrgan hátt
- tryggja hreint vatn fyrir dýr
- tryggja fræðslu starfsfólks um hættur
- senda yfirlýsingu um heilbrigði dýra og lyfjanotkun sem fylgir dýrunum í slátruhús

Skv. matvælalöggjöf þurfa bænder m.a. að skrá:

- eðli og uppruna þess fóðurs sem notað er
  - notkun dýralyfja ásamt útskolunartíma
  - öll tilfelli sjúkdóma sem geta haft áhrif á matvælaöryggi
  - allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja rekjanleika s.s. einstaklingsmerkingar
  - allar niðurstöður rannsókna
  - heilbrigðisástand dýra sem send eru til slátrunar
- Bænder þurfa áfram að halda skráningar sem krafist er af öðrum yfirvöldum.



## Dýralæknaþjónusta í dreifðum byggðum

Nýja matvælalöggjöfin hefur í för með sér aðskilnað á opinberu eftirliti héraðsdýralækna og almennri dýralæknaþjónustu. Til að tryggja dýraeigendum nauðsynlega almenna dýralæknaþjónustu og bráðaþjónustu við dýr hefur verið birt reglugerð nr. 846/2011 sem gerir Matvælastofnun kleift að gera þjónustusamning við sjálfstætt starfandi dýralækna. Þeir munu hafa starfsstöð og sinna dýralæknaþjónustu á tilteknum þjónustusvæðum, sem tilgreind eru í reglugerðinni.

# Grænmetisbænder

Skv. 9. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli skulu ræktendur grænmetis / matjurta tilkynna starfsemi sína til Matvælastofnunar og vera skráðir.

Ræktendur grænmetis, ávaxta og korns skulu eftir því sem við á gera eftirfarandi ráðstafanir og framkvæma eftirfarandi skráningar:

### Kröfur

Ræktendur grænmetis, ávaxta og korns skulu gera eftirfarandi ráðstafanir:

- halda hreinni aðstöðu, búnaði og flutningstækjum
- tryggja að plöntuafurðir séu hreinar
- nota drykkjarhæft vatn, eða annað hreint vatn
- tryggja að starfsfólk sé heilbriggt og fái fræðslu um hættur
- hindra mengun af völdum húsdýra og meindýra
- koma í veg fyrir mengun af völdum úrgangs og hættulegra efna
- taka tillit til rannsóknaniðurstaðna sem varða matvælaöryggi
- nota plöntuvarnarefni s.s. illgresiseyði og skordýraeitur á ábyrgan hátt

### Skráningar

Ræktendur grænmetis, ávaxta og korns skulu skrá:

- alla notkun plöntuvarnarefna og sæfiefna
- öll tilvik sjúkdóma eða skaðvalda sem geta haft áhrif á matvælaöryggi
- allar niðurstöður rannsókna



Prentgripur

## ÖRUGG MATVÆLI - ALLRA HAGUR !